

Loks skal kærði greiða allan kostnað sakar þessarar.
Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Júlíus Sigurðsson, greiði 29.500.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Þorgeiri goða, V.E. 34, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1949.

Nr. 122/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Sigurði Gísla Bjarnasyni (Theodór B. Lindal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot kærða við 1. gr. sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920 og lög nr. 4/1924. Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum þykir sekt á hendur kærða hæfilega ákveðin 42.500 krónur til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Sigurður Gísli Bjarnason, greiði 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald 7 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og greiðslu málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Theodórs B. Línalds, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. maí 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 19. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 af Gunnari A. Pálssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Sigurði Gísla Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Gísla Bjarnasyni skipstjóra, Svanhóli í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kærði er fæddur í Vestmannaeyjum 14. nóvember 1905 og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo að kunnugt sé, sætt þeim refsingum, er nú greinir:

1936 21/2 Dómur aukaréttar Vestmannaeyja, 300.00 króna sekt fyrir ölvun og óspektir og ofbeldi við lögregluþjón.

1947 23/5 Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja, 7000.00 króna sekt fyrir brot gegn l. nr. 5 18. maí 1920 (hlerasekt).

Atvik máls þessa eru þau, að klukkan 10.30 miðvikudaginn 31. marz sl. var Grummanflugbátur flugfélagsins Loftleiða h/f hafinn til flugs af flugvællinum í Reykjavík. Flugmenn voru þeir Alfreð Eliasson flugstjóri, Eskihlíð 7, og Stefán Magnússon flugmaður, Laugahvoli við Laugarásveg, báðir í Reykjavík. Var flugvélin send af framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, Pálma Loftssyni, og var ferðinni heitið með suðurströndinni austur að Ingólfshöfða í því skyni að athuga um ólöglegar veiðar. Voru því með í förinni landhelgisgæzlumennirnir Jón Jónsson

skipherra, Njálsgötu 4, og Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, Kjartansgötu 3, báðir í Reykjavík. Hefur Jón skipherra sem vitni skýrt frá ferðum flugvélarinnar á þá leið, er nú verður greint, og hefur Eyjólfur 1. stýrimaður, og sem vitni, staðfest þá frásögn hans svo og báðir fyrrgreindir flugmenn, einnig sem vitni, að því leyti sem þeir hafa verið spurðir.

Kveður Jón skipherra, að flogið hafi verið yfir Reykjanesskaga og komið að sjó við Krýsuvíkurborg, en þaðan hafi verið haldið austur með landi innan landhelgislínu í um það bil tveggja sjómílna fjarlægð frá landi. Á Herðisarvík hafi sézt togbátur að veiðum í landhelgi klukkan 10.53, og er komið hafi verið að Dyrhólaey, hafi enn sézt tveir togbátar í landhelgi. Á öðrum þessara báta hafi bátverjar breitt yfir nafn og umdæmistölu, er þeir hafi orðið þess varir, að farið var að athuga athafnir þeirra, en á hinum bátum hafi bæði nafn og umdæmistala verið svo máð, að þeir gæzlumennirnir hafi ekki séð þau, enda þótt þeir gerðu sex tilraunir til þess. Á báðum þessum bátum hafi þó sézt umdæmisbókstafirnir V.E. Bátar þessir hafi verið 1.7 sjómílu innan landhelgislínunnar. Klukkan 11.55 hafi fluginu verið haldið áfram austur með frá þessum stað og stefnt laust af Kötlutanga utan við Hjörleifshöfða. Hafi hin flogna lína öll verið innan landhelgi, en misjafnlega langt vegna hlykkja landhelgislínunnar. Lengst hafi hún verið 2.4 sjómíllur fyrir innan línuna, en stytzt 1.8 sjómílu. Þegar komið hafi verið austur á móts við Kötlutanga, hafi orðið á leið flugvélarinnar nokkrir bátar, þ. á m. v/b Kári, V.E. 47, en það er togbátur að stærð 63 smálestir brúttó með 150 hestafla vél, og er kærði eigandi hans ásamt Kristjáni Sigurði Sigurjónssyni, vélstjóra bátsins, og tveimur mönnum öðrum. Skipstjóri á v/b Kára var kærði, Sigurður Gísli Bjarnason. Þar eð gæzlumennirnir töldu, að báturinn væri þarna að ólöglegum landhelgisveiðum, hófu þeir athugun um stað hans og athafnir, en þá var klukkan alveg um 12 á hádegi. Segir Jón skipherra, að flogið hafi verið eins nálægt bátnum og flugmennirnir hafi þorað. Fyrst hafi verið flogið austur með honum á hlið og síðan verið snúið við og þá flogið vestur með hinni hlið hans, og loks hafi enn verið flogið austur með bátnum aftur. Næst bátnum, telur vitnið, að flogið hafi verið í um það bil 200 feta fjarlægð og mjög lágt eða laust ofan við sigluhúna hans. Á fluginu vestur með bátnum hafi gæzlumennirnir gert staðarákvörðun hans, báðir saman, við mjög góða aðstöðu. Hafi staðarákvörðunin verið framkvæmd þannig, að flugvélin hafi verið stafsett á „Portlands“-vita. Þegar komið hafi verið að bátnum á því flugi, hafi staður hans reynzt: austurkantur Hjörleifshöfða \neq Drang og réttvísandi miðun 281° á „Portlands“-vita. Enn fremur hafi Reynisdranga á sama tíma borið í Dyrhólaeyna að ofanverðu. Hafi staðarákvörðun þessi sýnt v/b Kára 1.8 sjómílu innan landhelgislínu. Staðarákvörðun þessa bar skipherrann undir flugmennina, þegar er hann hafði markað hana á kort. Höfðu þeir mælt fjarlægðina milli báts og strandar með því að fljúga þar á milli, og töldu þeir staðarákvörðun gæzlumannanna koma heim við athuganir sínar. Í rannsókn málsins var lagt fram sjókort með ámörkuðum

stað v/b Kára, gert af Jóni skipherra og staðfest í lögregluréttinum af honum. Hlutaðist dómarrinn til um, að skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, fyrrverandi varðskipsforingi, kynnti sér gögn málsins og athugaði staðarákvörðun skipherrans. Taldi skólastjórinn staðarákvörðunina rétta á kortinu, eftir því sem upp væri gefið, og staðfesti það álit sitt með áritun á fyrrgreint sjúkort í viðurvist dómarrans. — Kærði hefur lýst því í rannsókn málsins, að hann geti ekki sagt um, hvort staðarákvörðun gæzlumanna sé rétt, enda hafi hann enga staðarákvörðun gert sjálfur. Sér þyki þó mjög ósennilegt, að hann hafi verið svo langt innan landhelgislinu, þegar flogið var yfir bátinn, og í staðarákvörðun gæzlumanna greini. Hefur kærði þannig ekki andmælt því, að verið geti, að hann hafi verið í landhelgi umrætt skipti.

Að þessu athuguðu þykir ekki vafi leika á um það, að v/b Kári hafi verið staddur á þeim stað, er fyrrgreind staðarákvörðun greinir, þegar landhelgisgæzlumennirnir athuguðu hann á fyrrgreindum tíma.

Við athugun sína töldu gæzlumennirnir sig verða þess vísa, að v/b Kári væri þarna að botnvörpuveiðum í landhelgi, og er þeir komu heim úr gæzluförinni, sendu þeir bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símskeyti og kærðu skipstjóran fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Var rannsókn málsins síðan hafin 2. apríl sl. af settum bæjarfógeta, Axel Ó. Ólafssyni bæjarfógetafulltrúa, en vegna anna taldi hann sig ekki geta haldið henni áfram og lokið málinu. Hinn 7. sama mánaðar var Gunnar A. Pálsson, lögfræðingur í Reykjavík, skipaður til þess að fara með málið sem setudómari. Hefur hann því farið með það síðan.

Kærði neitar því ákveðið að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi umrætt skipti. Hefur hann skýrt svo frá ferðum sínum, að hann hafi farið frá Vestmannaeyjum klukkan 6 að morgni 30. marz sl. Þann dag segist hann hafa verið að veiðum út af Vík og víðar við tregt fiski. Með birtingu, eða um klukkan 5 að morgni 31. marz, hafi hann aftur byrjað veiðar út af Vík. Telur hann sig hafa hætt veiðum aftur klukkan 10—11 um daginn og þá hafa dregið bæði vörpu og strengi inn. Stað bátsins, þegar veiðunum hafi verið hætt, kveðst hann ekki muna, en heldur, að hann hafi verið eitthvað lítið eitt utan við venjuleg mið sín á þessum slóðum, en þau séu: Hádrangur kominn inn fyrir „Portland“ og Búrfell að komast að Reynisfjalli, en sá staður er alllangt utan landhelgislinu. Segir kærður, að fyrst hafi sér dottið í hug að fara austur að Ingólfshöfða, en ekki muni hann, hvort hann hafi lagt strax af stað þangað eða hvort hann hafi dokað eitthvað við. Segist hann þó minnst þess að hafa farið nokkuð austur, en hafa hætt greindri ætlun sinni eftir nokkurn spöl farinn. Ekki kveðst hann geta gert grein fyrir, hve hratt hann hafi farið né hve lengi hann hafi siglt austur með. Þá er hann hafi hætt við austurförina, hafi hann stanzað og legið kyrr, enda hafi hvarflað að sér að hafa tal af skipum, er þarna hafi verið, enda þótt ekki yrði úr því. Segist hann því hafa legið þarna og hugsað ráð sitt. Svona segir kærði, að staðið hafi á hjá sér, þegar flugvélin hóf að athuga bátinn. Um það leyti, segir hann, að flestir bátverjar hafi verið uppi, og hafi þeir verið að setja bakreipi í

forhlera, en fyrr um daginn, segir hann, að slitnað hafi þáttur í bakreipi forhlerans. Veidarfæri hafi öll verið innan borðs, en þó kunni að vera, að vegna nýgreindrar aðgerðar hafi vörpuvængurinn verið eitthvað hreyfður og jafnframt lagður yfir borðstokkinn og út í sjó. Fiskur úr síðasta togi hafi verið óaðgerður á þilfari. Ekki man kærði, hvort vél bátsins var í gangi eða ekki. Þegar flugvélin hafi flogið yfir, kveðst kærði hafa tekið áfram og siglt frá landi í því skyni að kasta, en um það leyti segist hann hafa verið búinn að ákveða að hætta við förina austur að Ingólfshöfða.

Í rannsókn málsins hafa bátverjar kærða verið krafðir vættis. Verða nú rakin þau atriði úr framburðum þeirra, er einhverju virðast geta skipt.

Vitnið Símon Gíslí Símonarson háseti segist muna það eitt glögggt, að unnið hafi verið að því að skipta um bakreipi, þegar flugvélin flaug yfir bátinn. Enn fremur virðist vitnið minnst þess, að þá hafi verið hætt að toga fyrir allöngu og að veidarfæri hafi þá öll verið um borð.

Vitnið Sigurður Hólm Guðmundsson háseti segir, að byrjað hafi verið að veiða aðfaranótt 31. marz og veiðunum verið haldið óslitið áfram allan daginn að öðru leyti en því, að orðið hafi smátafir, svo sem venja sé til. Einhvern tíma um daginn hafi þurft að skipta um bakreipi í forhleranum, og þegar flugvélin hafi flogið yfir, heldur vitnið, að vörpuvængurinn hafi verið úti á borðstokk, en hvort endi hans hafi verið í sjó, kveðst vitnið ekki geta sagt um. Þá segir vitnið, að þó dálítill stund hafi liðið frá því, að varpan var síðast dregin upp, unz flugvélin hafi komið. Loks segir vitnið sig minna, að eftir síðasta tog, áður en flugvélin hafi komið, hafi báturinn lónað eitthvað á litilli ferð, og minni sig, að það hafi verið austur með, en ekki muni það til, að eftir það tog hafi v/b Kári hreyft sig nær landi, áður en flugvélin hafi komið.

Vitnið Gestur Jóhannesson háseti segir bátinn hafa verið að veiðum nálægt „Portlandi“ fyrri hluta 31. marz sl. Segist það hafa komið á vörð klukkan 11 f. h. þann dag. Minni sig, að þá hafi verið búð að kasta fyrsta skipti þann dag, en ekki verið búð að draga vörpuna inn, og hafi alltaf liðið a. m. k. hálf tími, unz hún hafi verið innbyrt. Eftir að varpan hafði verið innbyrt, klukkan um 11.30, hafi verið látið reka þarna um það bil eina klukkustund. Heldur vitnið, að bátinn hafi rekið austur með landi og a. m. k. hafi hann ekki lent áberandi nær landi en hann hafi verið síðast, þegar varpan hafi verið dregin inn. Nokkrum mínútum eftir að síðast var dregið inn, áður en flugvélin hafi komið, líklega um 12-leytið, segir vitnið, að farið hafi verið að lása bakreipi úr forhleranum og nýju í aftur, en á meðan hafi verið látið reka á sama eða svipuðum stað og síðast var dregið inn á. Það hafi líklega verið 15—20 mínútna verk, og á meðan á því hafi staðið, hafi flugvélin flogið yfir bátinn. Geti þá verið, að klafinn, er haldi vörpunni sundur, og e. t. v. hluti af vörpuvængnum hafi verið utan borðs, en að öðru leyti hafi veidarfæri öll verið innan borðs.

Vitnið Kristján Sigurður Sigurjónsson, vélstjóri og sameigandi kærða að v/b Kára, segir, að fyrri hluta 31. marz hafi báturinn verið að veiðum út af Vik í Mýrdal. Kveðst vitnið hafa verið niðri, en farið upp, þegar

það hafi heyrt til gæzluflugvélarinnar, líklega klukkan 12 á hádegi. Segir vitnið, að líklega um einni klukkustund áður en flugvélin hafi flogið yfir hafi verið lokið við að draga vörpuna inn úr síðasta toginu þar áður. Þann tíma, er þar var á milli, segir vitnið sig minna, að eitthvað hafi verið andæft austur með, fremur en látið reka. Ekki kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að báturinn flyttist neitt nær eða fjær landi, frá því að varpan hafi síðast verið dregin inn, áður en flugvélin kom, unz hún flaug yfir. Visst kveðst vitnið um, að ekki hafi staðið yfir inndráttur vörpunnar eftir tog, þegar flugvélin hafi flogið yfir bátinn.

Vitnið Ingólfur Guðmundsson matsveinn segir, að veiðarfæri hafi öll verið inni, er flugvélin hafi flogið yfir, og að báturinn hafi verið á einhverri ferð, í norðvestur, að því er það helzt heldur.

Vitnið Páll Gíslason stýrimaður virðist einkennilega fáfrótt og vita það eitt, að er flugvélin flaug yfir bátinn, hafi það verið að skipta um bakreiði í afturtoggherlanum og að varpan hafi þá verið innan borðs.

Um öll vitnin gildir það, að þau voru enn skipverjar kærða og undir hans stjórn, er þau voru leidd. Enn fremur taka vitnin öll kaup sitt í aflahlut. Af þessum ástæðum verða vitnin ekki talin óaðfinnanleg, og verður að meta framburði þeirra með þeim fyrirvara, er þau bera kærða í hag.

Ekki verður dregið í efa, að landhelgisgæzlumennirnir hafi athugað athafnir bátsins og bátverja við góða aðstöðu, enda var veður og skyggni gott og ekki vont í sjó. Létu þeir flugvélinna fljúga mjög nálægt bátnum í þrjú skipti. Athuguðu þeir, hvað fram fór um borð, bæði með berum augum og sjónaukum. Rúður flugvélarinnar voru hreinar og vængirnir fyrir ofan gluggana og byrgðu því ekki sýn. — Dómarinn lætur þess getið í þessu sambandi, að hann hafi sjálfur, í því skyni að gera sér grein fyrir aðstöðu gæzlumannanna, látið flugvél fljúga með sig að togbáti að veiðum. Hafi sér virzt mjög góð aðstaða til allrar athugunar á bátnum, og t. d. hafi dragstrengir sézt mjög greinilega.

Vitnið Jón Jónsson skipherra segir, að hlerar hafi hangið í aftur- og framgálga stjórnborðs megin, varpan hafi verið uppi á borðstokknum stjórnborðs megin og einnig úti í sjó. Kveðst vitnið hafa talið, að áhöfnin væri að vinna að inndrætti vörpunnar, en annars hafi bátverjar lítt aðhafzt, meðan gæzluflugvélin hafi verið yfir bátnum, heldur staðið og horft á hana. Af þeirri ástæðu kveðst vitnið ekki beint hafa séð, hvort verið var að draga vörpuna inn, en kveður þó allar aðstæður hafa bent til þess. Þá segist vitnið hafa séð fisk dreifðan um þilfarið, og hafi sér þótt hann nokkuð mikill.

Vitnið Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, segir, að hlerar hafi verið uppi, bæði í fram- og afturgálga, og hafi þeir hangið utan borðs. Segist vitnið greinilega hafa séð áhöfn bátsins vera að vinna við vörpuna. Hún hafi legið inn yfir stjórnborðsborðstokk og út í sjó frá stjórnborðshlið bátsins. Hvort eitthvað af henni hafi verið komið inn á þilfar, kveðst vitnið ekki hafa séð svo greinilega, að það geti um það borið, en áreiðanlegt sé, að hún hafi verið bæði á borðstokknum og úti í sjó, og segist vitnið ekki eftir öllum aðstæðum hafa getað ályktað annað en að verið væri að

draga hana inn. Þá kveðst vitnið hafa séð talsverðan fisk á þilfari bátsins.

Báðir hafa landhelgisgæzlumennirnir staðfest framburð sinn með eiði.

Með vísun til framangreindra ákveðinna og eiðfesta framburða landhelgisgæzlumanna og þeirrar stoðar, er þeir eiga í þeirri viðurkenningu kærða, að afli hafi verið á þilfari v/b Kára, er yfir hann var flogið, enda þótt það verði ekki talið eðlilegt, ef frásögn hans væri rétt, svo og í framburðum vitnanna Sigurðar Hólms Guðmundssonar, Gests Jóhannessonar og Kristjáns Sigurðar Sigurjónssonar, er af öllum virðist mega ráða, að togað hafi verið í landhelgi, rétt áður en flugvélin kom, þar eð báturinn var svo langt inni í landhelgi þá sem raun ber vitni, og ekkert þessara vitna hafði orðið þess vart, að hann færðist nær landi þann tíma, er leið frá seinasta toginu, er þau telja, að tekið hafi verið, áður en flugvélin kom, til þess tíma, að gæzlumennirnir gerðu staðarákvörðun bátsins, þykir ekki varhugavert að telja uppvíst, að v/b Kári hafi verið að ólöglegum landhelgisveiðum með botnvörpu á fyrrgreindum stað um það leyti, er gæzlumennirnir athuguðu hann. Þykir þetta ekki varhugavert þrátt fyrir gagnstæða framburði bátverja, er samkvæmt framansögðu geta engir talizt lögfull vitni í máli þessu, enda verður og að telja þá alla hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu að lögum undanþegnir refsingu. Verður því að telja kærða hafa gerzt sekan við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. og lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Þykir refsing kærða, með vísun til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu (100 gullkrónur = 294.46 pappírskrónur), hæfilega ákveðin 29.500.00 króna sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innan borðs voru í v/b Kára, upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Loks skal kærði greiða allan kostnað sakar þessarar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theodórs B. Línals hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Sigurður Gísli Bjarnason, greiði 29.500.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Kára, V.E. 47, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda sins, Theodórs B. Lindals hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. október 1949.

Nr. 81/1948. **Ingólfur Gíslason** (Guttormur Erlendsson)

gegn

Kjartani Ólafssyni og gagnsök

(Bergur Jónsson hdl.).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um verksamning og um kaup á íbúð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1948, gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í aðalsök í héraði, og gagnáfrýjanda verði í gagnsök í héraði dæmt að greiða honum kr. 172.008.91 með 6% ársvöxtum frá 23. febr. 1948 til greiðsludags, en til vara kr. 34.978.53 með 6% ársvöxtum frá sama tíma.

1. varakrafa: Að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá lund, að greiðslan til aðaláfrýjanda verði ákveðin kr. 98.812.15 með 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1945 til greiðsludags.

2. varakrafa: Að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá lund, að greiðslan til aðaláfrýjanda verði ákveðin kr. 78.812.15 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1945 til greiðsludags. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1948, gerir þessar kröfur:

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjanda verði dæmt að afsala honum þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð í austurenda hússins nr.